

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

**20. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn mánudaginn
20. janúar 2020 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 15:00.**

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Magnús Gíslason, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir, Óðinn K. Andersen, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búa-son, Ólafur Þ. Hersisson frá Hornsteinum, Kári Gunnarsson frá Eflu og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

Birgir Edwald boðaði forföll.

- 1) Ólafur kynnti mismunandi útfærslur/valkosti á byggingunni út frá skoðun hópsins á síðustu fundum. Í núverandi tillögu snúa heimasvæðin að sjálfri skólalóðinni. Ólafur fór yfir uppbyggingu hússins, m.a. innra- og heildarskipulag m.t.t. leikskóla, tónlistar-skóla, grunnskóla og íþróttahúss. Pælingar um tæknirými, svo sem spurning hvort það ætti að vera í kjallara. Þrjú til fjögur rými þurfa að vera sérstaklega hljóðeinangruð í tónlistarskóla, svo sem fyrir slagverk og rafmagnshljóðfæri. Umræða um opnanir á milli kennslurýma og stjórnunarrými. Einnig spáð í fjölda salerna á kennslusvæð-um. Gert ráð fyrir inngarði í leikskólanum sem hægt er að nýta á fjölbreyttan hátt. Kynning á innra skipulagi eldhússins. Umræða um hreyfirými sem gert er ráð fyrir í forsögninni og kaffistofu starfsmanna.
- 2) Byggingarefni. Setja upp mismunandi módel til að meta kosti og galla.
- 3) Næsti fundur verður haldinn þriðjdaginn 4. febrúar kl. 15:00-16:30 í Suðursal.

Fundi slitið kl. 16:30